



RANGÁRÞING YTRA

Laufskálum 2, 850 Hellu - Sími: 487 5834 - Kt. 520602-3050 - Fax: 487 5434 - Netfang: rang@rang.is

*Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1658
komudagur 27.4.2005*

Hellu, 25. apríl 2005.

**Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
v/Austurvöll,
150 Reykjavík.**

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005 - 2008. Erindi samgöngunefndar Alþingis dagsett 18. apríl 2005.

Framangreint erindi barst til skrifstofu Rangárþings ytra þ. 22. apríl 2005. Farið er fram á af hálfu samgöngunefndar Alþingis, að umsögn verði skilað eigi síðar en 26. apríl 2005. Skjalið er 125 blaðsíður í A4 broti að stærð. Frestur til þess að skila umsögn um þetta afar mikilvæga mál eru tveir virkir dagar. Með þessum stutta fresti verður ekki annað skilið, en að samgöngunefnd geri sér ekki raunverulega vonir um að aðilar svo sem sveitarstjórnir, hafi álit eða skoðun á því sem fram er sett í tillögunni til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir yfirstandandi ár og næstu þrjú ár á eftir. Þetta hlýtur þó að vera eitt mikilvægasta málið sem snertir samskipti ríkis og sveitarfélaga sem eru talsmenn íbúa um allt land í samgöngumálum.

Þrátt fyrir þennan óeðlilega stutta frest til umsagnar, verður hér á eftir leitast við að geta um helstu atriði sem eru aðfinnsluverð í greindri tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005 - 2008.

Þrjú megin einkenni eru á tillögunni sem varða Suðurland, þ.e. mjög brýnar aðgerðir, svo sem á Hellisheiði, eru áætlaðar seint á áætlunartímabilinu og fjárveiting virðist vera afar takmörkuð. Ekki virðist vera áformað að gera átak í uppbyggingu tengi- og safnvega sem er mjög brýnt mál og framkvæmdir við Suðurstrandarveg eru ekki í áætluninni. Hér á eftir er nánari upptalning á þessum atriðum auk annarra sem þarfnast athugunar og úrbóta:

1. Of lítið fé er sett í framkvæmdir á Hellisheiði og fjárveiting kemur of seint eða ekki fyrr en árið 2007. Úrbætur á veginum um Hellisheiði eru mjög brýnar og þola ekki þessa bið. Umferð hefur stórukist og með virkjanaf framkvæmdum sem eru hafnar, mun hún aukast enn. Vegurinn er illa farinn og varasamur. Skorað er á samgöngunefnd Alþingis að breyta tillögunni og bæta úr þessu.
2. Framkvæmdir við Suðurstrandarveg eru ekki í áætluninni. Skorað er á samgöngunefnd Alþingis að breyta tillögunni og bæta úr þessu.

Vísað er í lið 4.2.1.3 „Verkefni á landsbyggð” í tillögunni varðandi liði 1 og 2.

3. Framlag til tengi- og safnvega á Suðurlandi er of lágt. Tengir og safnvegir á Suðurlandi eru ennþá í of miklum mæli malarvegir sem þola engan veginn þá umferð sem um þá fer í dag. Ástand margra malarvega í dreifbýli er með þeim hætti að þeir bjóða ekki upp á að íbúar á viðkomandi svæðum geti lifað eðlilegu nútímalífi með því sækja atvinnu og skóla daglega til nærliggjandi þéttbýliskjarna. Uppbygging, hvort heldur er á íbúðasvæðum eða frístundabyggð í dreifbýli, líður fyrir of lágar fjárveitingar. Með þessu er íbúum mismunað eftir búsetu. Skorað er á samgöngunefnd Alþingis að breyta tillögunni og bæta úr þessu.

Vísað er m.a. í lið 4.2.2.1 „Tengivegir” í tillögunni varðandi efni 3. liðar.


4. Áætluð fjárveiting til ferðamannaleiða á Suðurlandi vekur nokkra undrun. Ötrúlegt er að til Suðurlands skuli vera áætlað að verja einungis helmingi þess sem áætlað er til Norðausturkjördæmis og einum þriðja þess sem áætlað er til Norðvesturkjördæmis árin 2005 og 2006. Hvergi á landinu er meiri umferð ferðamanna bæði innlendra og erlendra. Skorað er á samgöngunefnd Alþingis að breyta tillögunni og bæta úr þessu.

Vísað er í lið 4.2.2.2 „Ferðamannaleiðir” í tillögunni varðandi efni 4. liðar.

5. Sveitarstjórn Rangárbings ytra hefur bundið vonir við að fjárveiting fái til þess að framkvæma breytingu á legu hringvegjar um Hellu samhliða gerð hringtorga. Þessi framkvæmd er brýn vegna hraðaksturs m.a. þyngstu vöruflutningabifreiða um veginn. Þessu sér hvergi stað í tillögunni. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er líklegt að framkvæmdin öll kosti nálægt 140 - 150 milljónir króna en endanleg áætlun verður gerð samhliða hönnun. Skorað er á samgöngunefnd Alþingis að breyta tillögunni og bæta úr þessu.
6. Brýnar aðgerðir bíða og þeirra sér hvergi stað sem varða samtengingu sameinaðs sveitarfélags Rangárbings ytra. Nauðsynlegt er að brúa ár svo leiðir innan sveitarfélagsins fyrir íbúana varðandi atvinnu- og skólasókn séu eðlilegar. Íbúar á ákveðnum svæðum þurfa m.a. að aka um nágrennasveitarfélög til þess að nálgast þjónustu á vegum sveitarfélagsins og þjónustuaðila innan þess. Með þessu er vísað til þess að um áráðil hefur verið farið fram á, þ.e. að Vegagerðin taki til athugunar að brúa þverá þar sem Landeyjar og Rangárvellir mætast og Ytri-Rangá þar sem Holtin og Rangárvellir mætast. Einnig er brýnt að Ásvegur nr. 275 frá Háfshverfi að Sandhólaferju verði byggður upp svo hann geti talist fær bílum allt árið. Við áætlanagerð um sameiningar sveitarfélaga er oft tíðrætt um samgöngubætur til þess að efla tengingu nýrra sveitarfélaga innbyrðis. Þetta virðast vera orðin tóm þegar til kastanna kemur. Skorað er á samgöngunefnd Alþingis að breyta tillögunni og bæta úr þessu.
7. Í áætluninni er Helluvaðsvegur nr. 2735 frá Hellu að Helluvaði 1. Ekki er gert ráð fyrir þátttöku Vegagerðarinnar í því að halda við tengivegi að Helluvaðsvegi. Sá vegur er Þrúðvangur á Hellu frá Hringvegi að Helluvaðsvegi, en hans er ekki getið í áætluninni þrátt fyrir að sveitarstjórn Rangárbings ytra hafi ítrekað vakið athygli á þessu og sent formlegt erindi til Vegagerðarinnar síðastliðinn vetur um málið. Skorað er á samgöngunefnd Alþingis að breyta tillögunni og bæta úr þessu.

Sveitarstjórn Rangárbings ytra hefur ekki haft tækifæri til þess að afgreiða umsögn um tillöguna formlega. Áskilinn er réttur fyrir sveitarstjórnina til þess að skila ítarlegri umsögn ef hún kýs að gera svo.

Virðingarfyllst,

 Sveitarstjóri
Rangárbings ytra
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.